

[Type here]

Öxarfjarðarskóli

Starfsáætlun

2020-2021



Á Þeistareykjum – Mynd: Kristján Ingi Jónsson

Efnisyfirlit

Almennt frá skólastjóra.....	3
Stjórnskipulag.....	3
Atburðatal á skólaárinu 2020-2021.....	4
Hagnýtar og tölulegar upplýsingar.....	5
Starfsfólk.....	5
Ráð og teymi:.....	5
Skólaráð Öxarfjarðarskóla.....	5
Nemendaverndarráð Öxarfjarðarskóla.....	6
Áfallaráð Öxarfjarðarskóla.....	6
Umhverfisráð Öxarfjarðarskóla.....	6
Öyggistrúnaðarmaður.....	6
Verkstjóri í áhaldahúsi.....	6
Foreldrafélag.....	7
Grunnskóladeild Öxarfjarðarskóla – Fjöldi eftir bekkjum.....	8
<i>Það stefnir í 31 nemendur í grunnskóladeild þetta skólaár, 2020-21, nemendum fjölgar um 6, sem er hátt hlutfall í fámennum skóla.</i>	8
Leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla.....	8
Sérþarfir.....	8
Skólareglur Öxarfjarðarskóla.....	9
Skólaakstur.....	9
Skólabílstjórar og akstur.....	9
Tímasetning skólabíla.....	9
Reglur í skólabílum:.....	9
Ófærð – afboðun skóla.....	10
Heildstæður skóli.....	10
Tilhögun kennslu.....	10

Samstarf Öxarfjarðarskóla við Tónlistarskólann á Húsavík	10
Samstarf við Grunnskólann á Raufarhöfn.....	11
Samstarf við Stóru Mörk, athvarf eldri borgara.....	11
Flæði milli skólastiga.....	11
Árshátíð.....	11
Þróunarstarf og endurmenntun.....	11
Námskeið 2019-2020 og samstarf við Þekkingarsetur Þingeyinga.....	12
Aðstaða og búnaður	12
Skýrslur um sjálfsmat	13
Rýmingaráætlanir.....	15

ALMENNT FRÁ SKÓLASTJÓRA

Ágætu lesendur.


Öxarfjarðarskóli, er samrekinn leik- og grunnskóli frá haustinu 2008. Grunnskóladeildin er í Lundi. Leikskóladeildirnar eru tvær, ein í Lundi og önnur á Kópaskeri. Öxarfjarðarskóli er fámennur skóli og því er um samkenndu árganga að ræða.

Námskrá

Námskrá öxarfjarðarskóla, Litli-Vísir og Stóri-Vísir eru á vef skólans. Þar sem námskráin fer nú eingöngu á heimasíðu skólans er þetta að miklu leyti samofið plagg

Aðalmarkmið skólanámskrár er að gefa ljósa mynd af þeim starfsháttum, áherslum og stefnum sem endurspeglast í skólastarfinu. Auk þess er þar töluvert af hagnýtum upplýsingum sem þægilegt er að hafa aðgengilegar á einum stað. Slíkar upplýsingar geta þó aldrei verið tæmandi og við munum halda áfram að senda fréttakorn um starf skólans beint til foreldra og á vef Öxarfjarðarskóla. **Stefnt er á að að koma námsgreinaráætlum, sem hluta námskrár á vefinn okkar þetta skólaár.**

STJÓRNSKIPULAG



Lögum samkvæmt er skólastjóri forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, ber ábyrgð á starfi hans og veitir honum faglega forystu. Þar sem Öxarfjarðarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli er leikskóladeild þar undir. Deildarstjórar leikskóladeilda veita deildunum faglega forystu og skipuleggja starf með sínu starfsfólki. **Í stjórnunarteymi Öxarfjarðarskóla eru nú skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri leikskóladeilda í Lundi og mun það funda reglulega og ræða hagsmuni samrekens leik- og grunnskóla.**

Aðstoðarskólastjóri er nánasti samstarfsmaður skólastjóra og staðgengill í fjarveru hans. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri vinna saman að flestum málum sem skólann varða og halda þeir reglulega fundi þar sem farið er yfir stöðu mála hverju sinni og bera þess á milli saman bækur sínar um einstök mál. Þeir hafa ákveðna verkaskiptingu sín á milli en taka allar stærri

ákvarðanir í sameiningu s.s. varðandi fjármál, starfsmannahald, skipulag skólstarfsins o.fl. Öxarfjarðarskóli leggur mikla áherslu á mikilvægi umsjónarkennara hvers námshóps. Hlutverk og starfssvið umsjónarkennarans er víðtækt í félagslegu og námslegu umhverfi hvers nemenda.

ATBURÐATAL Á SKÓLAÁRINU 2020-2021

- Starf hefst á undirbúningdögum **17.-21.** ágúst.
- Stefnt er á að þær, Heiða og Helga komi með með námskeið í Jákvæðum aga, á þessu skólaári, Jákvæður agi er skólastefna sem skólar í Norðurþingi eru að innleiða **og er eitt af þróunarverkefnum Öxarfjarðarskóla.**
- Skólasetning **24.** ágúst
- **8.** september er dagur læsis.
- Samræmd próf **24.** og **25.** september, 7. bekkur.
- Samræmd próf **1.** og **2. október**, 4. bekkur.
- Foreldrasamtöl fara fram eftir hefðbundinn kennsludag á vor- og haustönn
- Skólaferðalag 1. – 7. bekkja í október/nóvember. Þetta skólaár fara 1.-7. bekkir Öxarfjarðarskóla og Grunnskólans á Raufarahöfn, saman í skólaferðalag.
- Skákþjálfun fer fram í vali skólaárið 2020-2021.
- Bekkjaskemmtanir fara fram á vor- og haustönn og er skipulag þeirra í höndum umsjónarkennara í samvinnu við nemendur.
- Foreldrafundur verður haldinn í nóvember.
- **8.** nóvember er dagur baráttu gegn einelti.
- **16.** nóvember er dagur íslenskrar tungu.
- Árshátíð Öxarfjarðarskóla verður **27.** nóvember.
- Starfsdaginn **30. nóv. 2020**, verður m.a. undirbúningur vorannar.
- Fullveldisdagur Íslands, 1. desember.
- Litlu jólin verða haldin **21.** desember.
- Uppbrotsdagar verða **22.-27.** febrúar og þá er skólstarfið brotið upp og verk- og listgreinum ásamt hreyfingu, gert hærra undir höfði. Í þetta sinn verður lögð áhersla á að sköpun, hönnun og áhugasvið nemenda. Þemadagar eru skipulagðir í samráði við nemendur. Það er orðin hefð að björgunarsveitarvalið gengur á fjöll á þemadögum, **síðast var gengið á Þeistareykjum og farið Togarahelli. Stefnum næst á Mývatnssveit og stórbrotna náttúru þar.**
- Vorfagnaður verður haldinn í **25** mars.
- Samræmd próf 9. b. verða **9.,10. og 11.** mars.
- Stefnt er á **skyndihjálparnámskeið** fyrir starfsfólk í mars.
- Ruslatínsla/Umhverfisdagur, **29. apríl.**
- Prófavika verður **10-14.** maí.
- Atvinnuþema verður **17.,18. og 19. maí.** Á þessum dögum gefst nemendum tækifæri til að kynna sér atvinnulíf á svæðinu. Fyrirtæki og stofnanir taka þessu verkefni og nemendum vel.
- Skólaslit verða **20.** maí.
- Skólaferðalag unglíngastígs verður á vorönn, **í júní.**
- **21., 25. og 26.** maí – Undirbúningsdagar kennara.

HAGNÝTAR OG TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Starfsfólk

Arna Halldórsdóttir	Starfsmaður leikskóladeildar á Kópaskeri
Ásta Helga Viðar	Leikskólaliði í Lundi
Birkir Gunnarsson	Grunnskólakennari
Cornelia Spandau	Íþróttakennari og iðjuþjálfari
Christoph Wöll	Grunnskólakennari
Elisabeth Hauge	Deildarstjóri leikskóladeildar í Lundi
Eyrún Egilsdóttir	Starfsmaður leikskóladeildar í Lundi
Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir	Skólaliði
Guðlaug Anna Ívarsdóttir	Leikskólaliði í Lundi
Guðný María Sigurðardóttir	Matráður
Guðrún Lilja Dam	Skólaliði
Guðrún S. Kristjánsdóttir	Skólastjóri
Hulda Hörn Karlsdóttir	Matráður/Ráðskona
Jóhanna Kristín Ástþórsdóttir	Deildarstjóri leikskóladeildar Kópaskers
Jennifer Patricia Please	Umsjónarkennari
Jónas Þór Viðarsson	Smíðakennari
Kristján Ingi Jónsson	Umsjónarkennari og umsjón með tölvuveri
María Kristín Hermundardóttir	Starfsmaður leikskóladeildar á Kópaskeri
Petronella Hanula	Starfsmaður leikskóladeildar á Kópaskeri
Signe Ann-Charlotte Fernholm	Aðstoðarskólastjóri og umsjónarkennari
Vigdís Sigvarðardóttir	Umsjónarkennari

Ráð og teymi:

Skólaráð Öxarfjarðarskóla

Guðrún S. Kristjánsdóttir

Skólastjóri

Ann-Charlotte Fernholm

Aðstoðarskólastjóri

Elisabet Hauge

Fulltrúi leikskóla

Guðlaug Anna Ívarsdóttir

Skólaliði

Thomas Helmuth

Fulltrúi foreldra leik-og grunnskóla

barna

Fulltrúi nemenda

Þorsteinn Gísli Jónsson

Nemendaverndarráð Öxarfjarðarskóla

Guðrún S. Kristjánsdóttir

Skólastjóri

Ann-Charlotte Fernholm

Aðstoðarskólastjóri

Sólveig Mikaelisdóttir

Sérkennslu- og grunnskólafulltrúi

Kristey Þráinsdóttir/Ragnhildur

Porgeirsdóttir

Hjúkrunarfræðingar

Sigurður Halldórsson

Héraðslæknir

Árný Yrsa Gissuradóttir

Fulltrúi Félags- og skólaþjónustu

Umsjónarkennari/sérkennari

viðkomandi barns/barna

Nemendaverndarráð kemur saman

að hausti og fer yfir stöðu

nemenda.

Áfallaráð Öxarfjarðarskóla

Guðrún S. Kristjánsdóttir

Skólastjóri

Ann-Charlotte Fernholm

Aðstoðarskólastjóri

Kristján Ingi Jónsson

Bráðaliði og kennari

Séra Jón Ármann Gíslason

Séra Hildur Sigurðardóttir

Sigurður Halldórsson

Héraðslæknir

Umhverfisráð Öxarfjarðarskóla

Jennifer Patricia Please

Cornelia Spandau

Kristján Ingi Jónsson

Christoph Wöll

Öyggistrúnaðarmaður

Kristján Ingi Jónsson

Verkstjóri í áhaldahúsi

Friðgeir Rögnvaldsson

Foreldrafélag

Foreldrafélag starfar við skólans og stjórn mynda fulltrúar fyrir hvert stig:

Conny Spandau er fulltrúi leikskólabarna

Matthildur Dögg Jónsdóttir er fulltrúi yngsta stigs

Guðrún Lilja Curtis er fulltrúi miðstigs

Hildur Sigurðardóttir er fulltrúi unglíngastigs

Grunnskóladeild Öxarfjarðarskóla – Fjöldi eftir bekkjum

	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17	2017-18	2018-19	2019-20	2020-2021
b.	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem	nem
1.	1	4	2	3	5	2	3	1	3	4	5	1
2.	5	0	4	2	3	5	2	2	1	3	4	5
3.	4	5	0	4	2	3	5	2	2	1	3	4
4.	6	4	5	0	4	3	3	5	3	2	1	3
5.	4	5	4	4	0	4	3	3	4	2	3	1
6.	3	4	5	4	4	0	4	2	2	4	2	3
7.	3	3	4	5	4	4	0	4	3	1	4	2
8.	9	3	5	3	5	3	4	0	5	3	1	4
9.	6	9	2	5	3	5	3	4	0	5	3	1
10.	8	6	9	2	5	4	5	3	3	0	5	3
Samt	49	43	40	32	35	33	32	26	26	25	31	27

27 nemendur í grunnskóladeild skólaárið, 2020-21.

Leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla

Leikskólabörnum er að fjölga

	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17	2017-18	2018-19	2019-20	2020-21
Lundur	22	17	16	16	8	10	9-10	11-12	10-12	12-13	10	13
Kópasker						3-4 börn	4	4	3-4	4-5	6	6
Samt	22	17	16	16	8	13-14	13-14	15-16	13-16	17-18	16	19

SÉRÞARFIR

Við þurfum sífellt að endurskoða skólastarfið með margbreytileika nemenda í huga. Við reynum enn frekar að koma til móts við sérþarfir með sérstöku skipulagi og í samráði við skólaþjónustu sem kemur til okkar einu sinni í mánuði..

Í grunnskóladeild Öxarfjarðarskóla verða 27 nemendur skólaárið 2020-2021 og hátt hlutfall þeirra eru með sérþarfir, þannig að sérstaða Öxarfjarðarskóla er töluverð á landsvísu og á Norðurþing heiður skilið fyrir að hafa sýnt þessum þörfum skilning í gegnum árin.

SKÓLAREGLUR ÖXARFJARÐARSKÓLA

- Verum tillitsöm og virðum hvert annað
- Hjálpumst að við að skapa öruggt umhverfi í skólanum
- Nýtum tímann okkar vel og virðum vinnufrið í kennslustundum
- Verum ávallt stundvís í kennslustundir og skólabíl.
- Göngum vel um eigur skólans og annarra.
- Öll notkun tóbaks og hvers kyns vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum, í nágrenni hans og í ferðum á vegum skólans.
- Gsm eða snjallsímar eru hvorki leyfðir í skólanum né í íþróttahúsi.
- Hvers kyns hluti, s.s eldfæri og hnífa sem beita má sem vopnum, er bannað að koma með í skólann.

SKÓLAAKSTUR

Á svo víðfeðmu svæði sem skólasvæði Öxarfjarðarskóla er mikilvægt að skipuleggja kennslu með alla aldurshópa og skólaakstur í huga. Skólaakstur er stór hluti kostnaðar við rekstur skólans. Helstur akstursleiðir eru nú, Reystarnes-Lundur-Lundur-Reistarnes, Lón-Lundur-Lundur-Lón, Sel/ Sandfellshagi-Lundur-Lundur-Sandfellshagi/Sel. Gilsbakki – Lundur – Lundur Gilsbakki. Einnig er ekið frá Tóvegg og Katastöðum í veg fyrir skólabíl.

Skólabílstjórar og akstur

Skólaakstur, skólaárið 2020-2021 verður með hefbundnu sniði.

Skólabílstjórar:

Ágústa Ágústsdóttir, Reistarnes-Lundur
Stefán Rögnvaldsson, Lón – Lundur
Bernharð Grímsson, Sel – Sandfellshagi
Hafsteinn Hafsteinsson, Gilsbakki - Lundur

Tímasetning skólabíla

- Frá Lóni kl. 7:45 alla daga
- Frá Reistarnesi kl. 7:30 alla daga
- Skólabílar fara frá Lundi mánudaga til fimmtudaga kl 15:50. Föstudaga leggja skólabílar af stað frá Lundi kl 12:00.

Reglur í skólabílum:

Samþykktar af foreldraráði, bílstjórum og skólayfirvöldum.

- Sýna ber samferðafólki kurteisi og tillitsemi
- Nemendur skulu vera tilbúnir til að fara upp í skólabílinn þegar hann kemur á morgnana
- Foreldrum ber að tilkynna skólabílstjóra forföll með góðum fyrirvara
- Nemendur eiga alltaf að nota tiltæk öryggisbelti í skólabílnum
- Skóla- og umgengnisreglur gilda einnig í skólabílnum
- Sýna ber ítrustu aðgát þegar farið er í og úr skólabíl, einkum við götu eða þjóðveg
- Endurskinsmerki eru sjálfsagt öryggisatriði í skammdeginu

Ófærð – afboðun skóla

Skólabílstjórar eru einir færir um að meta aðstæður hvað varðar færð á vegum vegna veðurs. Þeir koma skilaboðum til skólastjóra eins fljótt og unnt er til að hægt sé að afboða skóla sem fyrst þann dag.

HEILDSTÆÐUR SKÓLI

Tilhögun kennslu

Kennsla fer fram frá 8:20 til 15:50 alla virka daga nema föstudaga, þá lýkur skóla kl 12:00. Kennt er í klukkutímalotum. Leikskóladeildir eru opnar 7:45 til 16:00.

Um samkenndu árganga er að ræða í grunnskóladeild. Kennt er þremur námshópum, 1. - 3. bekk, 4. -7. bekk og 8.-9. bekk. Í list- og verkgreinatímum eru hóparnir smærri.

Samþætting námsgreina

Við munum áfram hafa á stundaskrá samþættingu námsgreina. Þar vinna nemendur saman í litlum hópum, þvert á aldur og þvert á námsgreinar. Mikilvægt er að skólastarf miði að því að gera nemendur virka og sjálfstæða í námi og færa um að afla sér þekkingar á eigin spýtur og veita tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á alhliða hæfni nemenda krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Samþættingu er hægt skilgreina þannig að ákveðið viðfangsefni er tekið til meðferðar og það athugað frá mörgum hliðum. Þegar nám er skipulagt á þennan hátt leiðir það til, samvinnu og samþættingu námsgreina og efnið skilgreint í víðu samhengi og eflir læsi nemenda á umhverfi sitt. Nemendur vinna saman í hópum að ýmsum verkefnum tengdum.

Fram kemur í *Hinu ljúfa læsi* eftir Rósu Eggertsdóttur (2019), að vel skipulagt samvinnunám leiði til gagnrýnnar og djúprar hugsunar og fjölbreyttra samskipta og taki einstaklingsnámi fram um flest.

Öxarfjarðarskóli er rekinn sem heilstæður skóli. Um lengda viðveru er að ræða hjá yngsta stigi og miðstigi þar sem þau er mun lengur í skólanum en Aðalnámskrá Menntamálaráðuneytis segir til um. Í lengdri viðveru verðum við með félagsstarf og vinnustofur fyrir yngri stigin þar sem nemendur fá aðstoð við heimanám eða eru í umsjón kennara/skólaliða. Við munum halda áfram að vinna að vistvænni hegðun og leggjum áherslu á að nemendur Öxarfjarðarskóla fái tækifæri til að kynna sér stórbrotna náttúru nærumhverfisins m.a. í samstarfi við Björgunarsveitina Núpa. Unglingadeildarsamstarf Öxarfjarðarskóla og Björgunarsveitarinnar Núpa hefur vakið athygli enda frumkvöðlastarf þar á ferð. Skólaárið 2014-2015 féll björgunarsveitarsamstarfið niður þar sem kennarinn sem sinnti þessum þætti, hélt á önnur mið. Skólaárið 2015-2016 kom björgunarsveitarstarfið aftur inn í skólann af krafti með sama starfsmanni og mun það starf halda áfram skólaárið 2020-2021. Stefnum á meira samstarf við Þjóðgarðinn 2020-2021. Erum þegar búin að fá tengilið til okkar, Kristínu Sigríði Gunnarsdóttur. Þjóðgarðsverðir, Guðmundur Ögmundsson og Guðrún Jónsdóttir hafa list yfir áhuga á að gera Þjóðgarðinn barnvænni og er það spennandi verkefni.

Samstarf Öxarfjarðarskóla við Tónlistarskólann á Húsavík

Formlegt samstarf við Tónlistarskólann á Húsavík hófst haustið 2011. Kennarar við Tónlistarskólann munu, skólaárið 2020-2021, koma tvo daga í viku og kenna á hin ýmsu

hljóðfæri, auk þess að kenna tónmennt, og hljómar tónlist um húsið þessa daga. Einu sinni í viku koma öll stigin saman í gryfju, og syngja við undirleik tónmenntakennara. Við teljum þetta samstarf auka gæði skólstarfsins.

Samstarf við Grunnskólann á Raufarhöfn

Öxarfjarðarskóli hefur aftur tekið upp samstarf við Grunnskólann á Raufarhöfn. Nemendur koma í vikulega í íþróttir og verk- og listgreinar. **Saman fara skólarnir, þ.e. 1.-7. b. í skólaferðalag á haustönn 2020-2021. Aukið samstarf er til umræðu aftur vegna barnfæðar á Raufarhöfn.**

Samstarf við Stóru Mörk, athvarf eldri borgara

Á leikskóladeildinni á Kópaskeri hefur verið skemmtilegt flæði yfir í Stóru Mörk þar sem eldri borgarar koma saman, borða, spila, spjalla eða vinna dásamleg handverk. Deildin á Kópaskeri hefur fengið matinn úr Stóru Mörk, þannig að dagleg samskipti voru við matráða/umsjónarfólk þar. Af og til er leikskólabörnunum og starfsfólki boðið í mat með eldri borgurinum. Óvissa hefur verið um deildina á Kópaskeri vegna barnfæðar en nú er svo komið að sex börn hafa sótt um vist skólaárið 2019-20. Um ung börn er að ræða á deildinni á Kópaskeri.

Flæði milli skólastiga

Í Öxarfjarðarskóla, Lundi, á sér stað mikið flæði milli leik- og grunnskólastigs, enda eldri börn í leikskóladeildinni í Lundi, og svo verður áfram. Við erum lærdómssamfélag og lærum hvert af öðru.

Leikskólabörnin fá íþróttatíma, myndmenntatíma, og koma inn einu sinni í viku í grunnskóladeild í verkefnið, Brúum bilið. Þar takast þau á við ýmis verkefni með nemendum á yngsta stigi grunnskólans. Unglingunum býðst upp á leikskólaval þar sem þeir koma að leikskólastarfinu undir handleiðslu starfsfólks leikskólans með ýmis verkefni og er það mikil örvun fyrir leikskólabörnin að mati deildarstjóra.

Árshátíð

Það er orðin hefð að elstu börn leikskólans taki virkan þátt í Árshátíð Öxarfjarðarskóla og stígi þar á svið með grunnskólanemendum. Árshátíð Öxarfjarðarskóla er á haustönn 2019, þann 22. nóvember. Vorfagnaður er svo á vorönn 2020, stefnt er á 26. mars. Á litlu jólunum söfnumst við öll saman og borðum hátíðamat í matsal og eldri börn grunnskólans taka að sér yngri skjólstaðing og hafa sér við hlið. Leikskóladeildin á Kópaskeri kemur til okkar og nýtur dagsins með okkur. Í öllum þessum samskiptum á sér stað heilmikill lærdómur og þjálfun á margs konar færni.

Ef veður leyfir á sundnámskeiðum reynum við að gefa leikskólabörnum tækifæri til að prófa sundlaugina undir handleiðslu íþróttakennara og starfsfólks leikskólans.

ÞRÓUNARSTARF OG ENDURMENNTUN

Öxarfjarðarskóli leggur mikla áherslu á lestur og mun gera svo áfram. Haustið 2010 hófum við samstarf við Háskólann á Akureyri í tengslum við þróunarverkefnið Byrjendalæsi.

Öxarfjarðarskóli leggur mikla áherslu á læsi í víðum skilningi og viljum afla okkur sem mestrar þekkingar á því sviði. Þróunarverkefninu Byrjendalæsi lauk formlega vorið 2012 með útskrift

Þeirra kennara sem tóku þátt en að sjálfsögðu unnið áfram með Byrjendalæsi og kennsla á yngsta stigi einkennist af hugmyndafræði byrjendalæsis. Skólaárið 2012-2013 var Öxarfjarðarskóli með þrjú önnur þróunarverkefni. Í samstarfi við Háskóla Íslands er það þróunarverkefnið *Leiðsagnarmat* undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar og lauk því vorið 2013. Í samstarfi við Háskólann á Akureyri erum við með þróunarverkefnið Orð af orði, fyrsta hluta þess lauk s.l. vor haustið 2014 vorum við áfram í samstarfi við Háskólann Akureyri með þróunarverkefnið Orð af orði, framhald af fyrsta hluta. Leikskóladeild hefur einnig tekið þátt í þróunarstarfi í tengslum við læsi, *Byrjendalæsi* og *Les for meg*. Leikskóladeild og yngsta stig grunnskólans tóku þátt í þriggja ára norrænu þróunarstarfi, *Les for meg*. Því samstarfi lauk s.l. vor. Skólaárið 2014-2015 vorum við samstarfi við HA um þróunarstarf í stærðfræði og nýjar áherslur í námsmati út frá Aðalnámskrá. Við vinnum áfram að þessum þessum þróunarverkefnum til að festa þau betur í sessi ásamt því að kynna okkur enn betur nýtt námsmat. Byrjendalæsi og Jákvæður agi er hluti af skólastefnu Norðurþings og við leggjum áherslu á að innleiða þessa þætti í skólastarfið, ekki síst með nýtt starfsfólk í huga.

Námskeið 2018-2019 og samstarf við Þekkingarsetur Þingeyinga

Nýsköpunarverkefninu Cristal er nú lokið en við munum áfram vinna að tæknimennt og nýsköpun og munu Kristján Ingi og Ann-Charlotte leiða stefnumótun í þeim efnum. Kristján Ingi, fór á viku námskeið sem haldið var á Sauðárkróki í ágúst 2016 auk þess að fara út til Ítalíu, í tengslum við verkefnið, með hópnum í mars 2017. Verkefnið var unnið í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og áfram höfum við hug á að vinna að nýsköpun í samvinnu við Þekkingarnetið og Silju Jóhannesdóttur og þær áherslur sem hún stendur fyrir. Stefndum á að skólinn eignaðist stafrænan þrívíddarprentara skólaárið 2018-19. Það brást, en verður vonandi að veruleika á þessu skólaári.

Á seinasta skólaári var haldið námskeið fyrir kennara um **forvarnir eineltis** undir handleiðslu Vöndu Sigurgeirsdóttur. Einelti er flókið viðfangsefni. Einn mikilvægasti þátturinn í baráttunni gegn einelti eru forvarnir, bæði í uppeldi og fagstarfi. Hægt er að nota ýmsar forvarnaraðferðir og voru þær kenndar á þessu námskeiði. Þetta verkefni höfum við áhuga á að festa betur í sessi.

- Öxarfjarðarskóli er að innleiða uppeldisstefnuna, **Jákvæðan aga**. Stefnt er á að þær, Heiða og Helga komi með með námskeið í Jákvæðum aga, á þessu skólaári, Jákvæður agi er skólastefna sem skólar í Norðurþingi eru að innleiða. Eins verður **skyndihjálparnámskeið** 16. mars 2020. Það verður fullt námskeið, einkum með nýja starfsmenn í huga og það er einnig nauðsynlegt fyrir okkur hin að rifja upp, skyndihjálparþekkingu okkar reglulega.

AÐSTAÐA OG BÚNAÐUR

Haustið 2016 fengum borð og stóla fyrir miðdeild og unglingsdeild og er það mikilvægur áfangi í endurnýjun húsgagna í Öxarfjarðarskóla. Stefnt var á að endurnýja stóla og borð fyrir yngsta stig haustið 2017 og er því lokið. Tölvubúnað erum við að endurnýja smátt og smátt og verður lögð áhersla á það skólaárið 2018-19 ásamt leyserskera og þrívíddarprentara. Mikilvægt er að bæta vörumóttöku því hún er varasöm og erfið fyrir matráða í snjó og hálku. Þetta er komið inn á borð til eignasviðs. Eins telur deildarstjóri og starfsfólk í leikskóladeild Lundar afar mikilvægt að bæta útivistarsvæði leikskólabarna þar. Rými útivistarsvæðis þeirra er undir löglegum

viðmiðunarmörkum og brýnt að breyta því. Í haust var útvistaraðstaða leikskólabana á Kópaskeri bætt. Settur nýr pallur og og mottur kring um sandkassa. Eins var aðstaða leikskólans á Kópaskeri, innanhúss, bætt til muna nú í haust. Búið er að opna á milli rýma og gera aðstöðuna þannig að hún býður upp á fleiri möguleika í leik og starfi.

SKÝRSLUR UM SJÁLFSMAT

Er að finna á vef skólans. Stefnt er á foreldra- nemenda- og starfsmannamat á skólaárinu, og vinna svo úr þeim upplýsingum.

Ytra mat – Úttekt

Eitt af lögbundnu verkefnum sveitarfélagsins er að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla og ytra mat sveitarfélags, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. (37. gr. laga um grunnskólalög og 19. gr laga um leikskóla). Menntamálaráðuneytið fól fulltrúum sínum að vinna úttekt á Öxarfjarðarskóla haustið 2019.

Hvenær og hverjir?

SKÓLAÁRIÐ 2020 - 2021

TÍMI	AÐGERÐ	ÞÁTTTAKENDUR
febr/mars 2020	Ytra mat á vegum Menntamálaráðuneytis haust 2019. Vinna þarf umbótaáætlun út frá ytra mati fyrir 15. febrúar 2020.	Skólastjórnunarteymi Öxarfjarðarskóla, skólaþjónusta, Trappa.
15. febr. Umbótaáætlun tilbúin	Umbótaáætlun unnin út frá niðurstöðum ytra mats.	Skólastjórnendateymi, skólaþjónusta, Trappa.
2020-2023	Unnið úr niðurstöðum úr Ytra mati – Umbótaáætlun leiðir þá vinnu.	<i>Eftir því hvað er verið að taka fyrir:</i> Skólastjórnendur, skólaþjónusta (Trappa), matsteymi, kennarar, annað starfsfólk, foreldrar, skólaráð.

Undirbúnings- og starfsdagar 2020-2021

Með fyrirvara á breytingum enda er þetta áætlun. Hugsanlega þarf að uppfæra dagsetningar miðað við nýtt skóladagatal og skipulagða námskeiðsdaga.

Dags.	Dagsskrá
19.8	Skipulag og undirbúningur
20.8	Námsáætlanir

21.8	Faglegt samstarf
22.8	Jákvæður agi og samþætting
23.8	Námskeið/endurmenntunn
27.8	Almennur undirbúingur
14.10	Undirbúningur fyrir foreldrasamtöl, almennur undirbúningur, undirbúningur fyrir Árshátíð
25.11	Frágangur eftir Árshátíð, almennur undirbúningur, huga að námsmati
2.1	Skipulag og undirbúningur
16.2	Undirbúningur fyrir foreldrasamtöl, almennur undirbúningur, undirbúningur fyrir Vogleði
19.5	Frágangur námsmats
20.5	Tiltekt og frágangur, skilafundir fyrir næsta skólaár
21.5	Tiltekt og frágangur
22.5	Tiltekt og frágangur

Skipulag kennara- og starfsmannafunda 2020-2021

Fastir fundir kennara verða annan hvern mivikudag frá kl. 16:00. Fundir með öllu starfsfólki (kennarum, skólaliðum, leikskólakennarum o.fl eru eftir þörfum og er þá á miðvikudögum í stað kennarafundar, u.þ.b. einu sinni á mánuði) Farið er þá yfir það sem framundan er á komandi mánuði og viðburðir skipulagðir í sameiningu. Kennarar velja í byrjun árs hvaða viðburði þeir hafa ábyrgð á og leita til annarra starfsmanna þegar þarf. Ef engir viðburðir eru framundan í mánuði er sett upp tillaga að umræðu.

Fundaáætlun starfsmannafunda

Á öllum fundum er farið yfir komandi mánuð og starfsmenn upplýstir um það sem framundan er. Hér fyrir neðan má sjá önnur mál sem verða rædd.

Dags	Efni fundar	Tegund funda
17.8.	Gott start fyrir árið, skipulag yfir árið, samþætting	Starfsmannafundur
2.9.	Jákvæður agi, innra mat	starfsmannafundur
16.9.	Dagur íslenskra náttúru, samþætting	kennarafundur
30.9.	Árshátíð	starfsmannafundur

14.10.	Árshátíð, samþætting	kennarafundur
28.10.	Dagur íslenska tungu, baráttudagur gegn eineltis	kennarafundur
11.11.	Árshátíð	starfsmannafundur
25.11.	Jólafondur og jólapróf	starfsmannafundur
5.12.	Námsmat og litlujólin	kennarafundur
4.1.	Nýtt ár, breytingar, skipulag	starfsmannafundur
20.1.	Uppbrotsvika	kennarafundur
3.2.	Uppbrotsvika, dagur stærðfræðinnar, dagur leikskólans	starfsmannafundur
17.2.	Samþætting, innra mat	kennarafundur
3.3.	Vorfagnaður	starfsmannafundur
17.3.	samþætting	kennarafundur
7.4.	Jákvæður agi	starfsmannafundur
21.4.	Atvinnuþema og vorpróf	kennarafundur
5.5.	Umhverfisdagur, námsmat	starfsmannafundur

Vinnufundir og teymisfundir eru á miðvikudögum, eftir þörfum, þegar ekki er kennara- eða starfsmannafundur. Kennarar skipuleggja vinnufundi og teymisfundi sín á milli eftir þörfum.

RÝMINGARÁÆTLANIR

Öryggisráð skólans skipa:

Öryggisráðgjafi, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri/staðgengill skólastjóra.

Rýmingaráætlanir eru til reiðu vegna eldsvoða og flóðs

Þegar váboð berast er unnið samkvæmt fyrirliggjandi rýmingaráætlunum. Stefnt er á æfingar 2018-19. Æft var á seinasta skólaári, skólaárinu 2017-18, undir stjórn Gríms Kárasonar slökkviliðsstjóra. Rýmingaráætlanir fylgja árskýrslu 2017-2018.